

„Póstar segja svo mikið...”

BÆKUR

Skáldsaga

VAKNAÐ Í BRUSSEL

eftir Elísabetu Ólafsdóttur. 235 bls. Forlagið, 2002.

Vaknað í Brussel segir frá ævintýrum Lísu sem dvelur í undralandinu Belgíu og er au-pair þar um nokkurra mánaða skeið. Lísu er dæmigert nútímaungmennni sem eru alltaf að leita að sjálfu sér og reyna að bæta sig sem manneskju en gleymir þeim göfugu markmiðum jafnharðan í hringiðu djammsins, snobbinu, merkjafatnaðinum og holdsins lystisemdum. Tónlistin er gríðarlega stór hluti af lífi Lísu og hjálpar henni að tjá sig (sbr. 45). Stórstirnið Björk er mesti áhrifavaldurinn og mikið átrúnaðargoð eins og sést á bókarkápunni og óvíða eru tilvitnanir í lög hennar. „Ég dreg í mig hvert orð af hennar vörum og geri það að minni speki...þetta eru mín orð“ hugsar Lísu (123). Í stað trúarboða og hefðbundinna eða gamalla gilda hljóma dægurlagatextar og stjörnuspeki í hausnum á Lísu og verða hennar leiðarljós; renna saman við hugsanir hennar, sjálfsmynd og málfar. Þannig speglar hún sig í umhverfi fjölmiðlamenningarinnar án þess að velta hlutunum of mikið fyrir sér. Hún gengst upp í því að vera hörkutól en í tölvupósti er loksins hægt að vera maður sjálfur: „...við hringjumst á og hittumst ekki fyrr en viku eftir að við hittumst fyrst og þá búin að kynnst alveg ótrúlega vel... póstar segja svo mikið. Ég hef aldrei upplifað svona náin samskipti á svona stuttum tíma, allur töffaraskapur er rokinn út í veður og vind og ég segi nákvæmlega það sem ég vil segja“ (160-161).

Lísan sem skrifar söguna er þroskaðri en aðalpersónan Lísu og hefur húmor fyrir eigin sjálflægni, glappaskotum og óráðsú. Háðskt sjónarhornið bjargar bókinni frá að vera eingöngu vaðall um djamm og sæta stráka en lesandinn er ekki sérlega vongóður um að Lísu hafi „vaknað“ eftir reynsluna af að vera „barnapía dauðans“ (229) eða að hún hafi fundið sjálfa sig. Óneitanlega á Vaknað í Brussel margt sameiginlegt með Dagbók Bridgetar, Dís og ótal fleiri bókum þar sem dregin er upp skopleg mynd að ungum konum sem eiga erfitt með að fóta sig í ástinni, vinnunni og lífinu yfirleitt. Leitin að hinum eina rétta er vörðuð vandræðum og erfiðast er svo að eiga kærasta þegar á reynir, þurfa að fórna frelsinu og umbera annan sjálfhverfan einstakling. Í bókarlók er Lísu jafnlangt frá því að þroskast og í byrjun en henni tekst auðveldlega að réttlæta það fyrir sjálfri sér: „Mér líður ógeðslega vel og er búin að hitta fullt af frábæru fólki og þetta er búið að vera besti vetur lífs míns og auðvitað er það það sem skiptir máli. ... Þó að ég hafi nú bara náð sex markmiðum og verið alltof full allan tímann þá held ég að ég hafi þroskast fullt og hefði aldrei viljað sleppa því að fara sem ópera út í heim. Þetta er ævintýri. Og nú er ævintýrið að verða búið. Ein helgi eftir og hún á eftir að vera rosaleg, ég finn það á mér“ (218).

Bókin endurómar íslenskt talmál 21. aldar, mál sem einkennist af upphrópunum (jei!), gatslitnum áhersluorðum (sjúklegt, geðveikt) og enskuslettum (tipsí, indí, sjitt, fokking gordjöss). En það eru engin átök eða endursköpun í stílnum líkt og voru hjá Hallgrími Helgasyni í Hellu og 101 Reykjavík þar sem myndmálið spratt úr fjölmiðlum, reynsluheimi og talanda unga fólksins. Málfarið í Vaknað í Brussel er oft fyndið (t.d. „flindbull að hata ekki reim“ 186) og það heldur frásögninni á flot. Í bókinni opnast sýn inn í heim kynslóðarinnar sem veit ekki hvort hún er X eður ei, tekur sér poppstjörnur og þotulið til fyrirmyndar, gleymir sér í vímugjöfum og

stundarfró í endalausri ævintýraleit en forðast ábyrgð og skyldur sem eru jú bara fyrir nörda. Tungutak dægur- og poppmenningar eins og það er nákvæmlega núna er hér á bók – ekki að það hafi endilega verið langþráð en kannski tímabært. Bókmenntum hættir til að lokast inni í filabeinsturni fagaðs ritmáls og listrænna tilþrifa en bók Elísabetar á það ekki á hættu, dísess kræst!

Steinunn Inga Óttarsdóttir